



Reykjavík, 18. júní 2019

Styrkir fyrir sérstaklega myndríka miðlun/útgáfu tengda sögu og menningu í Reykjavík

Styrkirnir eru ætlaðir til niðurgreiðslu á kostnaði vegna kaupa á ljósmyndum frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Tilgangur styrkveitinganna er að hlúa að varðveislu menningararfleifðar Reykjavíkur og miðlunar hennar í fjölbreyttu formi.

7 umsóknir bárust í ár og sótt um samtals 3.192.687 kr. en til úthlutunar voru á árinu 2019 1.500.000 kr. Í ljósi innihalds umsókna og tilgangs styrkveitinganna er mælt með að 6 umsóknir hljóti styrk.

Hrafnhildur Gunnarsdóttir sækir um styrk vegna birtingu mynda í 5 þátta heimildaröð fyrir sjónvarp sem ber heitið Svona Fólk og fjallar um sögu skipulagðrar mannréttindabaráttu homma og lesbía á Íslandi. Sjónvarpsþættirnir verða sýndir á RÚV næsta haust og skiptast í eftirfarandi þemu: 1970-1978 „Þögninni“, 1978-1985 „Úr felum“, 1983-1995 „Plágan“, 1990-2002 „Annars flokks“, 2002-2016 „Jafnrétti náð?“. Meginefni þáttanna er sú atburðarás sem varð til þess að á u.þ.b 40 árum 1975-2015 gjörbreyttist viðhorf íslensks samfélags gagnvart hommum og lesbíum til hins betra. Sögusviðið er Reykjavíkurborg en það var ekki síst fyrir fyrir tilstilli ötulla borgara, baráttufólks svo og framsýnna stjórnmalamanna sem veittu málefnum homma og lesbía liðsinni, að viðhorfin fóru að breytast. Lagt er til að verkefnið hljóti 250.000 króna styrk.

Ívar Gissurason sækir um styrk vegna birtingu mynda í bókinni Hafnarlíf í Reykjavík. Í bókinni verður safn minninga Reykvíkinga á níttjándu og tuttugustu öld sem tengjast gömlu höfninni (atvinnuháttum, uppbyggingu, lífi og viðburðum) og nánasta nágrenni hennar. Einkum verður lögð áhersla á að safna og skrá minningar þeirra sem bjuggu í námunda við höfnina og þeirra sem tengdust henni náði í lífi og starfi. Einnig, og ekki síður, verður upplifun reykvískra ungmenna af höfninni á ýmsum tímum gerð góð skil. Hugmyndin er að efni bókar verði í krónólógískri röð og sýni glögggt þær miklu breytingar sem þarna hafa orðið á tveimur öldum svo sem á hafnaraðstöðu og í starfsháttum. Hlutfall mynda og texta í bókinni verður svipað. Nýhöfn bókaútgáfa gefur bókina út, ritstjóri er Ívar Gissurason og höfundur Ólafur Haukur Símonarson. Lagt er til að verkefnið hljóti 350.000 kr. styrk.

Forlagið sækir um styrk vegna birtingu mynda í bókinni Síldarárin. Viðfangsefnið er þrátt fyrir nafnið ansi víðtækt; síldarútvegur er í brennipunkti en sjónsviðið þó mun víðara. Þannig er horft á samfélagsbreytingar í víðu samhengi – einkum framþróun atvinnulífs og lífskjarabyltingu – sem urðu á Íslandi frá miðri 19. öld og fram yfir miðja þá 20. Þáttur Reykjavíkur sem miðstöðvar stjórnsýslu og atvinnulífs, og sem samgöngumiðstöðvar, er ærinn í þeirri sögu og þáttur síldarinnar sem drifkraftur ýmissa framfara sömuleiðis, nægir þar að benda á að stórefling þilskipaútgærðar á Faxaflóa undir lok 19. aldar varð m.a. eins raun varð á vegna þess að völ var á síldarbitu úr nýreistum íshúsum Reykjavíkur. Og bent hefur verið á að vaxtarkippi í sögu borgarinnar megi rekja beint til auðs síldaráranna – smáibúðahverfið sé t.d. bein afleiðing þeirra. Verkið að byggist á sérsömdum



greinum, frétttaefni á hverjum tíma, minningabrotum þeirra sem voru þátttakendur í eða vitni að lykilatburðum tímans hverju sinni. Þá er ritið prýtt gríðarmiklum fjölda mynda af ýmsu tagi, úr

opinberum söfnum og einkasöfnum, innlendum jafnt sem erlendum og hafa sumar myndanna sjaldan eða aldrei komið fyrir almenningssjónir fyrr. Lagt er til að verkefnið hljóti 300.000 kr. styrk.

Magnea Valdimarsdóttir sækir um styrk vegna birtingu mynda í heimildarmyndinni Helgi á Prikinu. Heimildarmyndin fjallar um sögu kaffihússins Prikið á Laugavegi. Þetta er elsta kaffihúsið í Reykjavík og hefur þ.a.l. langa og áhugaverða sögu. Myndin hverfist um fastagestinn Helga Hafnar Gestsson og verður í myndinni blandað saman ljósmyndum úr fortíð og nútíð sem segja mikið um mannlífið á þessu svæði í miðbæ Reykjavíkur. Lagt er til að verkefnið hljóti 50.000 kr. styrk.

Auður Hildur Hákonardóttir sækir um styrk vegna birtingu mynda á vefsíðu sem kallast Rauðsokkahreyfingin á veraldarvefnum. “. Markmið verkefnisins er að gera efni um Rauðsokkahreyfinguna sem starfaði á árunum 1970–1982 aðgengilegt á vef Kvennasögusafns Íslands (nú varðveitt þar í 45 skjalaöskjum). Verkið er unnið í náinni samvinnu við Landsbókasafn – Háskólabókasafn. Hér er um að ræða mikilvægt tímabili í sögu jafnréttisbaráttu kvenna í Reykjavík og landinu öllu. Rauðsokkahreyfingin starfaði mest í Reykjavík, þar var miðstöð hennar þótt starfið dreifðist eðlilega víðar. Hreyfingin setti svip á borgina á þessum tíma og tengist því sterklega sögu hennar. Lagt er til að verkefnið hljóti 300.000 kr. styrk.

Ólafur R. Dýrmondsson sækir um styrk vegna birtingu mynda í bókinni Sauðfjárbuskapur í Reykjavík. Höfundur hefur aflað sér mikilla ritaðra heimilda um viðfangsefnið, að hluta áratuga samsafn ýmissa gagna um sauðfjárbuskap í Reykjavík og reyndar í öllu Landnámi Ingólfs Arnarsonar. Þá hefur hann birt greinar á ýmsum tímum um sauðfjárbuskap á svæðinu, hefur haldið dagbækur og skýrslur um eigin fjárbuskap um áratuga skeið og er virkur þáttakandi í fjárbuskap Reykvíkinga, þeim litla sem eftir er. Auk texta með sögulegt gildi verða nokkrar örsögur í bókinni en áhersla verður lögð á að hafa hana myndríka. Lagt er til að verkefnið hljóti 250.000 kr. styrk.

Umsagnaraðilar:

Guðbrandur Benediktsson forstöðumaður Borgarsögusafns Reykjavíkur, Kristín Hauksdóttir verkefnastjóri á Borgarsögusafni og Sif Gunnarsdóttir skrifstofustjóri menningarmála.